

Lögmannaþingið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 23. ÁRG. 2017





- | | | |
|---|--|---|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Leiðari</p> <p>6 REIMAR PÉTURSSON
Brottfall réttindasviptingar
lögmannna</p> <p>8 EYRÚN INGADÓTTIR
Eyða, geyma eða gleyma?
Varðveisla skjalasafna lögmannna</p> | <p>11 Besti meistari í HEIMI</p> <p>13 KATRÍN SMÁRI ÓLAFSDÓTTIR
Vettvangsferð á slóðir síðustu
aftökunnar og ný réttarhöld í máli
Agnesar, Friðriks og Sigríðar</p> <p>18 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR
Norræna lögfræðingamótið í
Finnlandi</p> | <p>20 ARNAR ÞÓR STEFÁNSSON
Vegið að réttinum til að velja
sér verjanda</p> <p>22 JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON
Ályktun andstæð lögum</p> <p>26 ÓTTAR PÁLSSON
Hæfi dómara</p> |
|---|--|---|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Eva Halldórsdóttir hdl.

Ritnefnd:
Björgvín Halldór Björnsson hdl.
Daníel Isebarn Ágústsson hrl.
Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Viðir Smári Petersen hrl.

Blaðamaður:
Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ:
Reimar Pétursson hrl., formaður
Arnar Þór Stefánsson hrl., varaformaður
Þórdís Bjarnadóttir hrl., ritari
Ástráður Haraldsson hrl., gjaldkeri
Heiðrún Jónsdóttir hdl., meðstjórnandi

Starfsmenn LMFÍ:
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Eyrún Ingadóttir félagsdeild
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

Forsíðumynd:
Magnús Ólafsson sagði þátttakendum í
ferð Lögfræðingafélags Íslands frá síðustu
aftökunni á Þrístöpum. Ljósmynd: Páll
Þórhallsson.

NETFANG RITSTJÓRA:
eva@laekjargata.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Óflun ehf.
Sími 530 0800
ISSN 1670-2689

“Excellent and clear advice
that’s of the highest quality.”
Chambers Global

BBA // Legal

Iceland // Reykjavík // Höfðatorg // bba.is
England // London // 23 Berkeley Square // bbalegal.co.uk

BBA

ÚÚ

ÚRVAL ÚTSÝN

SNÍÐUM FERÐINA AÐ ÞÍNUM ÓSKUM

FERÐARÁÐGJAFAR OKKAR FINNA BESTU LEIÐINA OG
HAGSTÆÐASTA FARGJALDIÐ FYRIR ÞIG EÐA HÓPINN ÞINN.

SENDU FERÐAÁÆTLUNINA Á FLUG@UU.IS

FLUG@UU.IS SÍMI 585 4400 UU.IS/VIDSKIPTAFERDIR

HÚSLEIT HJÁ LÖGMÖNNUM

EVA HALLDÓRSDÓTTIR HDL.
RITSTJÓRI



Í vor féll einkar athygliverður dómur í máli nr. 73607/2013 hjá Mannréttindadómstól Evrópu, mál Sommer gegn Þýskalandi. Í málinu hafði kærandi, sem var starfandi lögmaður, kært niðurstöðu þýskra dómstóla um rannsókn og leit á bankareikningi hans og taldi hana brjóta í bága við 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um vernd friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Í stuttu máli voru atvik með þeim hætti að saksóknari hafði haft samband við banka kæranda og óskað eftir upplýsingum um allar færslur á bankareikningi sem tengdist atvinnurekstri hans tvö ár þar á undan. Beiðnin byggðist á ákvæði í þýsku sakamálaöllum og var sett fram í tengslum við rannsókn á skipulagðri glæpastarfsemi en einn hinna grunuðu í málinu var skjólstaðingur kæranda. Fram kom að saksóknari hefði sérstaklega farið fram á að bankinn upplýsti kæranda ekki um beiðnina.

Bankinn afhenti umbeðnar upplýsingar og þær urðu hluti af gögnum málsins. Kærandi fékk síðar aðgang að málgögnum í krafti stöðu sinnar sem verjandi hins grunaða og fór þá fram á að gögnunum um sig yrði skilað, en ekki var fallist á það. Þýskir dómstólar töldu að rannsóknin hefði verið lögmat og að bankinn hefði afhent upplýsingarnar af sjálfsdáðum. Hjá áfrýjunardómstólnum kom að auki fram að ákvæði þarlendrar sakamálaöllum um trúnaðarsamband lögmanns og skjólstaðings ættu ekki við í málinu.

Kærandi skaut niðurstöðunni til Mannréttindadómstólsins og taldi að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Dómurinn taldi að öflun gagnanna, vistun þeirra og opinberun hefðu skert rétt kæranda til friðhelgis faglegs trúnaðar og

einkalífs. Röksemdin sem skerðingin byggði á, þ.e.a.s. að koma í veg fyrir glæpi og vernda réttindi og frið annarra auk hagsældar landsins, var þó talin lögmat.

Aftur á mót var það mat dómsins að beiðnin hefði verið afar umfangsmikil. Hún hefði eingöngu verið takmörkuð við tiltekið tímamark og náð yfir allar upplýsingar varðandi bankareikning kæranda og viðskipti tengd honum. Upplýsingarnar hefðu gefið saksóknara og lögreglu skýra mynd af störfum kæranda auk upplýsinga um viðskiptamenn hans.

Dómurinn taldi að sjálf málsmeðferðin hefði ekki verið til þess fallin að draga úr framangreindum annmörkum á beiðninni þar sem sá þröskuldur sem yfirvöld þurftu að yfirstíga í upplýsingaöfluninni lögum samkvæmt væri ólágur. Að auki taldi dómstóllinn að jafnvel þótt löggjöfin gerði ráð fyrir að ýta mætti til hliðar þeim öryggisventli sem fælist í trúnaðarsambandi milli lögmanna og skjólstaðinga í tilvikum þar sem grunur léki á um þátttöku í broti, þá hefðu grunsemdir á hendur kæranda verið ójósar.

Dómurinn tiltók loks að rannsóknin hefði ekki farið fram á grundvelli heimildar frá dómstólum og að við meðferð málsins hefði þess ekki verið gætt að passa upp á þau sérstöku réttindi sem lögmönnum væru fengin vegna starfa sinna. Möguleikar kæranda á endurskoðun dómstóla væru síðan því marki brenndir að slík endurskoðun færi fram eftir að upplýsingarnar hefðu verði afhentar enda hefði kærandi ekki fengið vitneskju um afhendingu gagnanna fyrir en síðar – og raunar fyrir tilviljun.

Taldi dómurinn því að rannsókn á bankareikningi Sommer hefði meðalhófs ekki verið gætt og að rannsóknin hefði

ekki verið nauðsynleg i lýðræðislegu samfélagi. Með henni hefði því verið brotið gegn ákvæðum 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Það er áhugavert að skoða niðurstöðu dómsins með hliðsjón af því hvernig húsleitarheimildum hefur verið beitt hér á landi við gagnaöflun.

Hann verður þó að skoða í samhengi við það umhverfi sem lögmönnum er búið hér. Þannig má til að mynda nefna að samkvæmt ákvæðum 68. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er beinlínis óheimilt að leggja hald á muni ef þeir hafa að geyma upplýsingar sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli. Þá fer húsleit samkvæmt ákvæðum sakamála laga ætíð fram á grundvelli fyrirbyggjandi dómsúrskurðar.

Lögmenn hafa hins vegar margsinnis gert athugasemdir við hversu víðtækir dómsúrskurðir héraendis eru þegar kemur að húsleitum, m.a. á lögmennsstofum. Hefur slík gagnrýni ekki síst komið fram þegar heilu tölvukerfi lögmennsstofa

hafa verið afrituð og þar með hald lagt á gögn sem hafa alls ekki þýðingu fyrir rannsóknina. Þá hefur einnig borið á gagnrýni í þeim tilvikum þegar Samkeppnisefirlitið hefur framkvæmt húsleitir hjá fyrirtækjum hér á landi og hvernig gætt er að rétti fyrirtækja til trúnaðarsamskipta við lögmenn sína. Eru enda undir grundvallarréttindi sakborninga í opinberum málum, sbr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmálans.

Mikilvægt er að fram fari skoðun á því hvernig þessum málum er háttað héraendis og þá ekki síst með hliðsjón af því að gagnavarsla nú til dags fer að miklu leyti fram á netþjónum. Þá verði haft í huga að tryggður sé í raun réttur til trúnaðarsamskipta við lögmenn, hvort sem húsleit fer fram á lögmennsstofum eða hjá einstaklingum eða fyrirtækjum, og að gætt sé að þeim sjónarmiðum sem fram koma framangreindum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skippholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

BROTTFALL RÉTTINDA- SVIPTINGAR LÖGMANNA

REIMAR PÉTURSSON HRL.
FORMAÐUR



Dómur Hæstaréttar sem felldi niður sviptingu lögmansréttinda Roberts Downey byggði á því að brot Róberts hafi ekki „varðað“ störf hans sem lögmans. Hann þurfti því ekki að fullnægja sérstökum kröfum um brottfellingu réttindasviptingar sem fram koma í lögum um lögmenn.

Lögmannafélag Íslands hafði áður en dómurinn gekk skilað ríkissaksóknara umsögn þar sem lögskýring af þessum toga var álitin varhugaverð. Mun sú umsögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Félagið studdi afstöðu sína við mikilvægi þess að gæta samræmis milli ákvæða um brottfall réttindasviptingar í lögum um lögmenn, annars vegar, og í almennum hegningarlögum, hins vegar.

Hæstiréttur virðist ekki hafa álitnið rök félagsins fyrir þessu nægjanlega sannfærandi og sú niðurstaða er endanleg. Ástæða er hins vegar til að velta fyrir sér fordæmisgildi dómsins og hversu langt það getur náð.

Í lögum um lögmenn er mælt fyrir um að réttindasvipting úrskurðarnefndar verði því aðeins felld niður að liðin séu að lágmarki fimm ár frá sviptingu, umsækjendur hafi áður hlotið meðmæli Lögmannafélagsins og staðist að nýju það sem í daglegu tali er nefnt „hdl-prófið.“ Með þessu er tryggt að lögmenn, sem hafa farið út af sporinu, fái aðeins réttindi eftir að hafa hugsað ráð sitt um fimm ára bil að lágmarki og sýnt fram á verðleika sína og faglega hæfni.

Hæstiréttur leit svo á að í almennum hegningarlögum fælust vægari kröfur en þessar ef brot „varðaði“ ekki störf viðkomandi sem lögmans. Þá væri nægjanlegt að afla sér

uppreist æru, en hún fæst með því að fullnægja hreinum formkröfum án tillits til efnislegra verðleika og faglegrar hæfni. Þetta studdi Hæstiréttur við dóm í máli Þorvaldar Ara frá árinu 1980 en hann fékk réttindasviptingu fellda brott þrátt fyrir að hafa gerst sekur um manndráp.

Þessa niðurstöðu má gagnrýna. Þannig var dómurinn í máli Þorvaldar Ara kveðinn upp næstum tveimur áratugum áður en ákvæði voru tekin upp 1998 í lögum um lögmenn sem vörðuðu brottfall réttindasviptingar með úrskurði úrskurðarnefndar. Fordæmisgildi dómsins gat því vart talist sjálfgefið.

Réttindasvipting úrskurðarnefndar hefur síðan helst komið til álita við umfjöllun um mun síður alvarleg tilvik en hafa leitt til réttindasviptingar samkvæmt almennum hegningarlögum. Þar teflir helst um endurteknar áminningar fyrir háttsemi í andstöðu við góða lögmanshætti. Slík háttsemi þarf ekki að vera refsiverð og reyndar heyrir til algjörra undantekninga að slík háttsemi komi til umfjöllunar úrskurðarnefndar. Á árinu 1998 þótti löggjafanum allt að einu rétt að reisa veigamiklar efnislegar skorður við brottfalli réttindasviptingar sem er ákveðin af úrskurðarnefnd.

Réttindasvipting samkvæmt almennum hegningarlögum hefur helst komið til álita við alvarlegustu afbrot á borð við manndráp og kynferðisbrot gegn börnum og ungmönnum. Sérkennilegt virðist að veita afslátt frá kröfum um verðleika og faglega hæfni þegar um alvarlegustu brotin teflir. Virðist nær lagi að í slíkum tilvikum séu gerðar auknar kröfur.

En þessi varð ekki niðurstaða Hæstaréttar. Framvegis getur því skipt verulegu máli hvort háttsemi sem um teflir telst hafa „varðað“ störf viðkomandi sem lögmanns. Mat þess getur verið vandasamt.

Mikilvægt er þá að hafa í huga eðli lögmannsstarfa. Lögmonnum er samkvæmt 2. gr. siðareglna lögmanns skyld að „gæta heiðurs lögmannastéttarinnar, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem öðrum athöfnum.“ Þá bera lögmenn lögum samkvæmt sérstakar trúnaðarskyldur og til þeirra eru að öðru leyti, í lögum og siðareglum, gerðar ríkar kröfur um heiðarleika. Lögmonnum er í krafti þessa oft treyst betur en öðrum í vandasömum aðstæðum. Þeim er oftast en öðrum trúað fyrir viðkvæmum upplýsingum, til þeirra eru fremur sótt heilræði en til annarra og þeim er sýnt traust umfram það sem öðrum er sýnt. Skiptir þá engu þótt slíkt sé ekki endilega í skýrum og beinum tengslum við hefðbundin lögmannsstörf. Þegar metið er hvort háttsemi

lögmanns teljist hafa „varðað“ störf þeirra sem lögmenn þarf því að horfa til margvíslegra sjónarmiða.

Ef til vill heyra hugleiðingar um þetta brátt réttarsöggunni til. Kröfur til lögmanns verða mögulega skerptar von bráðar. Tengingin við „óflekkað mannorð“ verður væntanlega afnumin og þar með tengingin við „uppreist æru.“ Lögmenn hljóta að fylgjast náið með hvernig þessi mál þróast. Eins og stjórnárum landsmanna er háttað er þó ekkert hægt að fullyrða um hversu lengi núverandi réttarástand varir.

Á eitt skal þó lögð ofuráhersla: að ákvörðun um hvort lögmaður fullnægi kröfum um heiðarleika verður að vera í höndum Lögmannafélagsins, fremur en handhafa framkvæmdavalds. Sjálfstæði lögmannastéttarinnar er þar í húfi og þar með sjálfstæði réttarkerfisins í heild sinni.



Ert þú að ganga frá bókhaldinu og veist ekki hvar þú átt að geyma það?

Hjá okkur eru skjölin þín geymd við öruggar aðstæður. Þú þarft aldrei að hafa áhyggjur af plássleysi, öryggi skjalanna eða því að finna ekki ákveðin skjöl.

Með því að nýta þér þjónustu okkar ert þú komin með framtíðarlausn.

- Betri nýting á húsnæði þínu.
- Yfirlit yfir öll skjöl í geymslu.
- Minni tími fer í leit.
- Allur kostnaður skjalageymslunnar verður sýnilegur.

Hafðu samband og láttu okkur þjónusta þig.

Gagnageymslan ehf.
Smiðshöfði 1, 110 Reykjavík,
Sími 587 9800 www.gagnageymslan.is



GAGNAGEYMSLAN
Stofnað 1996

EYÐA, GEYMA EÐA GLEYMA?

VARÐVEISLA SKJALASAFNA LÖGMANNA

Lögmönnum ber skylda til að skila opinberum gögnum til Þjóðskjalasafns Íslands, s.s. gögnum þröta- og dánarbúa, en engin kvöð er á þeim að skila eigin skjalasöfnum þegar þeir hætta störfum. Hvað verður um skjalasöfn lögmanna að loknum starfsferli er í þeirra valdi að ákveða; hvort þeir eyði gögnum, geymi eða gleymi en skjalasöfn þeirra geta oft varðveitt mikilvægar upplýsingar um réttindi einstaklinga og lögaðila.

Haustið 2016 var haldið örnámskeið um einkaskjalasöfn lögmanna þar sem Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands, fór yfir skil, grisjun og varðveislu skjalasafna. Í þessari grein er stiklað á stóru úr yfirferð Njarðar sem og velt vöngum yfir siðareglum lögmanna og álit Persónuverndar um skjalasöfn lögmanna.

Ef sagan er rituð

Skjalasöfn vilja fá skjöl og heimildir frá sem flestum hópum samfélagsins. Skilaskylda er hjá opinberum aðilum en það er einnig mikilvægt að einkaskjalasöfn varðveitist því að ef sagan er einungis rituð eftir opinberum skjölum þá getur hún orðið röng. Einkaskjalasöfn geta oft á tíðum varpað öðru ljósi á atburði heldur en upplýsingar sem koma úr opinberum skjölum eða dagblöðum. Gott dæmi um slíkt er skjalasafn Eggerts Claessen lögmanns, og annars stofnanda Lögmannafélags Íslands, en hann kom að stofnun margra fyrirtækja á sínum tíma. Því má segja að skjalasafn Eggerts varpi að einhverju leyti ljósi á atvinnusögu héraendis í byrjun 20. aldar. Safnið er mikið að vöxtum og sem dæmi þá hefur sú sem þetta ritar fengið mikilvægar upplýsingar úr því sem varða 100 ára gamalt dómsmál.


Hvað á að geyma?

Skoða þarf heimildagildi skjala áður en tekin er ákvörðun um hvort þau verði varðveitt. Þannig eru skjöl sem hafa stjórnsýslulegt, réttarfarslegt, sögulegt eða fræðilegt gildi yfirleitt geymd en skjöl sem hafa ekkert upplýsingagildi er fargað.

Miklar kröfur eru gerðar til skilaskyldra aðila um frágang safna en þar sem einkaaðilar hafa enga slíka kvöð þá eru gerðar mun minni kröfur til þeirra. Margir einkaaðilar hafa samt sem áður greitt fyrir frágang skjalasafna enda tryggir það aðgengi að skjölum mun fyrr.

Frágangur og skráning skjala þarf að vera þannig úr garði gerð að þau verði aðgengileg til langs tíma. Til dæmis á að halda upprunalegri röðun skjalanna, fjarlægja á bréfa-klemmur sem ryðga og plast sem étur sig inn í pappírinn. Setja þarf skjölin í sýrufríar umbúðir og skrá í rafræna geymsluskrá sem verður síðan lykillinn að því að finna skjöl.

Í dag verða öll skjöl til á rafrænu formi. Skjalasöfn einka-aðila geta samanstaðið af rafrænum skjalavörslukerfum og gagnagrunnum fyrirtækja, rafrænum dagbókum, bréfum, skýrslum, ljósmyndum, hljóðskrá, myndskleiðum og tölvu-póstum en Þjóðskjalasafn Íslands hefur tekið við slíkum gögnum frá árinu 2010.



Einkaskjalasöfn

Ítarleg leit

Leita eftir öllum erörmyndum

Einkaskjalasöfn í stafrófsróð 1 A B C D E F G H I J K L M N O P R S T Ú V Y Z Æ Ö Þ

Það fundust 12 niðurstöður út frá leitarstrengnum **lögmaður**. Sjá síðu 1 af 2

Heiti safns/skjalamyndara	Tímabil	Tegund	Verslusstofnun
Björn Þórðarson, lögmaður og forsætisráðherra (1879-1963)	1903 - 2013	Einstaklingur	Borgarskjalasafn Íslands
Björn Þórðarson, lögmaður og forsætisráðherra (1879-1963)	1903 - 2013	Einstaklingur	Borgarskjalasafn Íslands
Guðmundur Ingi Sigurðsson (1922-2011), lögmaður í Reykjavík	1855 - 1866	Einstaklingur	Héraðsskjalasafn Íslands
Gunnar Sölnes (1940), lögmaður	1946 - 1994	Fjölskylda	Héraðsskjalasafn Íslands
Jón Guðmundsson (1807-1875) sjúlumaður, lögmaður og ritstjóri Njóðsöfnis	1852 - 1875	Einstaklingur	Njóðskjalasafn Íslands
Jón Sigurðsson (1565-1635) lögmaður, sjúlumaður	1609 - 1611	Einstaklingur	Njóðskjalasafn Íslands
Magnús Björnsson (1598-1662) lögmaður	1645	Einstaklingur	Njóðskjalasafn Íslands
Magnús Gíslason (1704-1766) amtmáður	1757 - 1760	Einstaklingur	Njóðskjalasafn Íslands
Magnús Ólafsson lögmaður á Meðalfelli		Einstaklingur	Landsbókasafn Íslands
Magnús Stephensen (1763-1833) dómsgjafi, lögmaður, stiftamtmaður	1799 - 1833	Einstaklingur	Njóðskjalasafn Íslands

Þá er rétt að geta þess að skiptastjórar þrotabúa og dánar-búa eru skyldugir til að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands þau skjöl sem ekki hafa verið lögð fram í dómi, eða afhent sýslumanni, við lok opinberra skipta og kunna að hafa þýðingu fyrir skiptin. Aðeins er tekið við þrotabúum þegar skiptum er lokið og þurfa þrotabúin að greiða Þjóðskjalasafni Íslands gjald fyrir varðveislu í sjö ár og eyðingu skjalanna, allt eftir eðli þeirra og magni.

Skilyrði um aðgengi

Ef lögmann setja gögn sín á skjalasafn geta þeir heimilað aðgang gegn ákveðnum skilyrðum, svo sem að skjólstaðingur, og að þeim látnum afkomendur, megi fá gögn um mál viðkomandi. Eins geta þeir kveðið á um að aðgangur að skjölunum sé einungis með heimild lögmannsstofu sinnar eða ákveðinna lögmannna.

Enn fremur er hægt að setja skilyrði um að skjölin, eða hluti þeirra, verði ekki gerð aðgengileg í allt að 80 ár. Ef um er að ræða viðkvæm gögn sem varða einstaklinga er þjóðskjalaverði heimilt að hefta aðgang að þeim í allt að 110 ár. Einnig er heimilt að hafa ólík tímaviðmið um aðgang almennings að söfnum annars vegar og fræðimanna hins vegar.

Hvaða reglur gilda um skjalasöfn lögmannna?

Í 3. mgr. 40. gr. siðareglna lögmannna er kveðið á um að lögmaður megi ekki láta óviðkomandi hafa aðgang að skjölum eða öðrum gögnum sem varða skjólstaðinga hans. Það þýðir að lögmaður sem afhendir skjalasafni

gögn sín brýtur gegn siðareglum lögmannna að því gefnu að skjalasafn sé skilgreint sem óviðkomandi. Engin ákvæði í siðareglum lögmannna fjalla síðan um með hvaða hætti aðstandendur eigi að ganga frá skjalasöfnum þeirra að þeim látnum. Þetta er bagalegt og á hverju ári berast skrifstofu Lögmannafélagsins fyrirspurnir aðstandenda lögmannna um hvernig þeir eiga að bera sig að varðandi skjalasöfn þeirra.

Greinarhöfundur sendi fyrirspurn til Persónuverndar um hvaða reglur gildi um varðveislu skjalasafna lögmannna. Í svari Persónuverndar segir að skjalasöfn þeirra hefðu að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar um umbjóðendur og eftir atvikum aðra einstaklinga. Öll meðferð þeirra þyrfti því að samrýmast lögum um persónuvernd nr. 77/2000. Í 1. mgr. 11. gr. laganna segir að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu og glötun. Eins skuli hann koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að upplýsingunum.

Það er álit Persónuverndar að það samrýmist betur þessum lagaákvæðum að skjalasöfn lögmannna séu varðveitt í opinberu skjalasafni með því skilyrði að aðgangur almennings að þeim sé takmarkaður í ákveðinn tíma heldur en að þau séu í vörslu aðstandenda að lögmonnum látnum. Skjalasöfn í vörslu aðstandenda feli í sér mikla áhættu á að óviðkomandi aðilar öðlist vitneskju um þær persónuupplýsingar sem þar séu geymdar og að sama skapi fylgi því mikil hætta á að mikilvægar upplýsingar glatist. Þá eru það hagsmunir umbjóðenda lögmannna að geta nálgast gögn sem varða þá sjálfa eftir andlát lögmannna.

Að mati Persónuverndar er þarft að endurskoða núverandi fyrirkomulag á meðferð skjalasafna lögmannna við andlát þeirra og að slík endurskoðun gæti kallað á lagabreytingar.

Í lokin

Siðareglur lögmannna stangast á við álit Persónuverndar á skjalasöfnum lögmannna og landslög taka ekki skýrt á því hvernig þessum málum skuli háttað. Það er þó ljóst að siðareglur lögmannna gilda ekki út yfir gröf og dauða og því geta aðstandendur með góðri samvisku skilað skjalasöfnum lögmannna til skjalasafna að þeim gengnum.

Eyrún Ingadóttir

Á heimasíðunni www.einkaskjalasafn.is má finna lista yfir þau söfn sem lögmann koma við sögu.

BESTI MEISTARI Í HEIMI ...

Meistaramót LMFÍ í golfi fór fram föstudaginn 8. september í Grafarholti í blíðviðri. Alls voru 32 keppendur skráðir til leiks og komust færri að en vildu. Golfíþróttin hefur notið vaxandi hylli meðal lögmanna og voru konur óvenju fjölmennar í mótinu að þessu sinni, eða fimm af keppendum.

Var svo byrjað að grunda kylfur, slá drifhögg og pútta en keppt var með og án forgjafar. Í lokin var ótvíræður sigurvegari meistaramótsins krýndur Heimir Örn Herbertsson en hann fór hringinn á 65 höggum.

Úrslit voru þessi:

Án forgjafar:

1. Ármann Fr. Ármannsson 74 högg
2. Árni Gestsson 76 högg
3. Heimir Örn Herbertsson 79 högg

Með forgjöf:

1. Heimir Örn Herbertsson 65 högg
2. Ármann Fr. Ármannsson 71 högg
3. Árni Gestsson 72 högg



Heimir Örn Herbertsson fór heim hlaðinn verðlaunagripum að loknu móti. Gísli G. Hall mótsstjóri er til hægri á myndinni.



Sjálfur mótsstjórinn Gísli Guðni Hall ásamt Árna Gestssyni.



Ármann Fr. Ármannsson sigraði í keppni án forgjafar og fór hringinn á 74 höggum.



F.v. Jón Steinar Gunnlaugsson, Guðmundína Ragnarsdóttir, Ástríður Grímsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.



Plug-in hybrid GLE 500 e 4MATIC.

Rafvæðing Mercedes-Benz er hafin. Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval Plug-in Hybrid bíla, sem sameina bestu eiginleika rafbílsins og bensínvélarinnar. Þeir eru allir knúnir **EQ POWER** [#switchtoEQ](#)

Verð frá 9.750.000 kr.

Mercedes-Benz

The best or nothing.





VETTVANNGSFERÐ Á SLÓÐIR SÍÐUSTU AFTÖKUNNAR OG NÝ RÉTTARHÖLD Í MÁLI AGNESAR, FRÍÐRIKS OG SIGRÍÐAR

Einstæður viðburður fór fram á dögnum í samfélagi lögfræðinga þegar mál þriggja sakborninga í hinum svonefndu Illugastaðamorðum voru „endurflutt“ og dæmd að nýju samkvæmt núgildandi lögum. Er þar átt við atburði þá sem leiddu til síðustu aftökunnar á Íslandi á Þrístöpum þann 12. janúar 1830. Það var Lögfræðingafélag Íslands sem stóð fyrir vettvangsferð á söguslóðir og nýjum „réttarhöldum“ í félagsheimilinu á Hvammstanga.

Lævi blandið andrúmsloft

Það var eftirvænting í loftinu meðal vaskra lögfræðinga og velunnara sem safnast höfðu saman í félagsheimilinu á Hvammstanga laugardagsmorguninn 9. september síðastliðinn. Ekki voru þar á ferðinni áhugasamir gangnamenn þótt réttir væru um allar sveitir - en allt að einu var einvalalið á ferð. Veður var milt og stillt en þoka hvíldi þó yfir. Þótti það hæfa vel því sem í vændum var. Eftir morgunhressingu að hætti Húnvetninga var þátttakendum, sem voru um 115 auk skipuleggjenda og „leikara“, skipað um borð í tvær þéttsetnar rútur. Hvor rútan hafði sinn leiðsögumanninn, annars vegar Eyrúnu Ingadóttur sagnfræðing og framkvæmdastjóra Lögfræðingafélagsins og hins vegar dr. Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðing. Á milli áfangastaða hlýddu farþegar á lifandi frásagnir þeirra um forsögu, aðdraganda og eftirmála hinna myrku atburða.

Fyrst lá leiðin til Illugastaða, að söguviði sjálfs glæpsins þar sem Natan Ketilsson og Pétur Jónsson voru myrtir og lík þeirra brennd aðfararnótt 14. mars árið 1828 af þeim Agnesi Magnúsdóttur, Sigríði Guðmundsdóttur og Friðriki Sigurðssyni. Þá var haldið að Tjörn þar sem bein Agnesar og Friðriks, sem voru tekin af lífi á Þrístöpum, voru jarðsett í grafreit kirkjunnar árið 1934 eftir að skrifarmiðill í Reykjavík benti á hvar þau voru grafín.

Loks lá leiðin að sjálfum vettvangi aftökunnar; að Þrístöpum, vestast í Vatnsdalshólum. Rútan nam staðar við þjóðveginn og þaðan var gengið í um 200 metra eftir stíg að torfhleðslunni þar sem aftökupallurinn stóð, en hleðslan er vel sýnileg enn þann dag í dag. Þar var viðstöddum gert að mynda þrefaldan hring umhverfis ímyndaðan pallinn, líkt og gert var árið 1830.

Það er erfitt að lýsa þeim hughrifum sem einstæð frásögn Magnúsar Ólafssonar, fyrrum bónda á Sveinsstöðum, vakti með nærstöddum en hann sá um að segja frá aftökunni og eftirmálum hennar. Þrístapar standa í landi Sveinsstaða, þar sem Magnús ólst upp, en það voru afi hans og faðir sem grófu upp höfuðkúpur og bein Agnesar og Friðriks 104 árum eftir aftökuna, fyrir tilstuðlan Guðmundar Hofdal sem bar þeim beiðni frá Agnesi sjálfri í gegnum svokallaðan skrifarmiðil. Nákvæmar lýsingar miðilsins leiddu til þess að beinin fundust vandkvæðalítið en afdrif þeirra höfðu með öllu verið á huldu.

„Það má enginn undan líta“

Magnús lýsti því hvernig öllum bændum frá Vatnsskarði í austri að Miðfirði í vestri var skipað að mæta til að horfa á aftökuna af Birni Blöndal sýslumanni. Munu því um 140 manns hafa staðið nauðugir þann 12. janúar 1830 til að horfa á hryllinginn. Heimildir lýsa því þegar einn viðstaddra gerði



tilraun til að horfa í aðra átt en þá mun Björn sýslumaður hafa slegið hann kinnhesti með hanska sínum og hrópað: „Það má enginn undan líta.“ Friðrik var fyrri til að leggjast á höggstokkinn en Agnes var geymd á meðan bak við hól. Dómsorð var lesið yfir hinum dæmda, öxin var reidd, höfuð féll frá búk og rúllaði með brostnum lífvana augum að fótum viðstaddra. Blóð spýttist úr strjúpum. Svo kom röðin að Agnesi sem óskaði þess að athöfninni yrði flýtt sem mest og dómsorðið ekki lesið. Höfuð þeirra voru að því búnu sett á stjaka öðrum til varnaðar, en líkamarnir grafnir út og suður í kistum steinsnar frá höggstokknum. Frá þessu mun enginn hafa snúið samur heim.

Næsta morgun voru höfuðin horfin af stjókunum. Árin liðu og gras gréri yfir gröf þeirra Agnesar og Friðriks. Sagan lifði þó með heimamönnum en ekki bar til tíðinda þar til vorið 1934 er bankað var upp á Sveinstöðum hjá afa Magnúsar eins og hann lýsti í upphafi.

Enginn sneri ósnortinn frá Þrístöpum þennan laugardag frekar en árið 1830 þó ekki verði því líkt saman á nokkurn veg. Í rútuferðinni til baka á Hvammstanga ræddu menn í hálfum hljóðum um það sem fyrir augu og eyru hafði borið. Senn færi fram að nýju aðalmeðferð í máli sakborninganna þriggja, með afbrigðum þó.

Endurupptaka máls

Eftir þjóðlega hressingu í félagsheimilinu á Hvammstanga bauð Jónína S. Lárusdóttir, formaður Lögfræðingafélags Íslands, þá 180 sem voru komnir til að hlusta á réttarhöldin velkomna. Hún fór yfir og kynnti fyrirkomulag aðalmeðferðar þeirrar sem senn hæfist og áréttaði að málið yrði bæði flutt og dæmt á grundvelli núgildandi laga og þeirra aðstæðna sem hérlandis giltu í dag með þeim mikilvæga fyrirvara að lítt yrði horft til ákvæða Mannréttindasáttamála Evrópu sem og dómaframkvæmdar MDE.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Jóhann Sigurðarson leikarar lásu upp forsögu málsins á áhrifaríkan hátt. Að því búnu gerði Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum. Skýrslutökur yfir ákærðu fóru fram með þeim hætti að Jóhanna Vigdís og Jóhann ljáðu Agnesi Magnúsdóttur, Sigríði Guðmundsdóttur og Friðriki Sigurðssyni raddir sínar og lásu helstu atriði úr framburði þeirra í dómabókum. Þá flutti ríkissaksóknari ræðu ákærvaldsins og greindi m.a. frá því mati sínu að Friðrik hafi verið upphafsmaður að morðunum. Mikið var fjallað um aðdraganda verknaðarins og um hvatirnar að baki honum, enn fremur að ekki væri talið að auðgunarásetningur hefði legið að baki hjá Agnesi. Þá var talið ljóst að á Illugastöðum hefði viðgengist alvarlegt heimilisofbeldi



gagnvart þeim Agnesi og Sigríði. Allt að einu hefðu morðin verið kaldrifjuð og bersýnilega þaulskipulögð. Þá væri það afar mikilvægt að við ákvörðun refsingar liti dómurinn til þess að engum málsbótum væri til að dreifa hvað varðaði morðið á Pétri sem gerundur áttu ekkert sökótt við.

Næstur tók til máls Gestur Jónsson hrl., verjandi Friðriki Sigurðssonar, sem krafðist vægustu refsingar sem lög framast leyfðu. Krafðist hann þess að tekið yrði tillit til skýlausrar játningar skjólstæðings síns, bágs aðbúnaðar og félagslegrar stöðu hans en að hann hefði alist upp við ömurlegar ytri aðstæður. Rakti hann hvatirnar að baki glæpnum en um hefði verið að ræða ástríðuglæp þar sem Natan hefði misþyrmt Sigríði, konuefni Friðriks.

Því næst flutti Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi Agnesar Magnúsdóttur og Sigríðar Guðmundsdóttur ræðu sína. Guðrún Sesselja sagði að þær hefðu einnig gengist greiðlega við hlutdeild sinni í glæpnum og fór svo ítarlega yfir hvatirnar sem legið hefðu að baki þátttöku þeirra í harmleiknum. Hún benti á ýmsa formgalla varðandi skýrslutökur yfir umbjóðendum sínum og misnotkun hins látna á þeim.

Ákærvaldið lagði á það áherslu í síðari ræðu sinni hversu yfirgripsmikið tjónið hefði verið á eignum hins látna, Natans, þá almannahættu sem brennan hafði í för með sér og þar með alvarleika brotsins, aðstæður allar vegna viðveru barns, en þriggja ára dóttir Rósu Guðmundsdóttur á Vatnsenda var á bænnum, og hversu ásetningurinn og brotaviljinn var bersýnilega einbeittur. Verjendur lögðu hins vegar áherslu á mótmæli við að meðferð líka hinna látnu hefði verið ósæmileg og þau verðmæti sem forgörðum fóru óveruleg miðað við verðmætamat dagsins í dag. Að svo búnu var málið lagt í dóm.

„Vísad rakleiðis í hafsauga/Vesturhópið í dag“

Áður en dómarrar tóku stutt hlé til að ráða ráðum sínum áréttaði Ingibjörg Benediktsdóttir dómsformaður að ef mál þetta kæmi fyrir dómstóla í dag í þeim búningi sem það var rannsakað og ákært á sínum tíma yrði því vísad út í hafsauga – eða öllu heldur beint í Vesturhópið eins og að orði var komist. Biðu viðstaddir svo átekta.

Er dómarrar snéru aftur í dómssal var dómsorð lesið upp og gerð grein fyrir helstu forsendum. Það er skemmst frá því að segja að dómarrar yfir þremmenningunum voru mildaðir í öllum tilvikum og það rökstutt. Það sem helst þótti réttlæta hinar þungu fangelsisrefsingar var sú staðreynd að engar



málsbætur voru að baki morðinu á Pétri. Hins vegar var verulega tekið tillit til hvatanna að baki og ástandsins á Illugastöðum í aðdraganda morðanna.

Agnes Magnúsdóttir hlaut 14 ára fangelsisdóm, Friðrik Sigurðsson sjö ára fangelsi og Sigríður Guðmundsdóttir var dæmd til fimm ára fangelsisvistar. Þá var ákærðu, hverju um sig gert að greiða skipuðum verjendum sínum kr. 1.000.000 í málsvarnarlaun auk alls sakarkostnaðar. Dóminn yfir Agnesi, Friðriki og Sigríði má lesa í heild sinni á heimasíðu Lögfræðingafélags Íslands.

Eftir að dómsorð hafði verið lesið upp var þinghaldi slitið. Áður en viðstaddir risu úr sætum var Eyrún Ingadóttir, sagnfræðingur og framkvæmdastjóri Lögfræðingafélagsins, heiðruð fyrir frumkvæði að viðburðinum sem og fyrir framkvæmdina.

Réttarball að loknum réttarhöldum

Um kvöldið snæddu um 100 manns einstaklega vel úti látinn kvöldverð á veitingastaðnum Sjávarborg á Hvamms-tanga, slógu á léttu strengi eftir atburði dagsins og nutu samveru og söngs. Þeir alhörðustu fóru síðan á réttarball í félagsheimilið Ásbyrgi á Laugarbakka þar sem hljómsveitin Trukkarnir frá Blönduósi lék fyrir dansi. Þar var hægt að fá keypta gosdrykki.

Það var glatt á hjalla við morgunverðarhlaðborðið á Hótel Laugarbakka á sunnudagsmorgninum. Úr þessari för fór enginn ósnortinn enda einstaklega eftirminnileg helgi að baki.

[Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.](#)





INNHEIMTUKERFI CREDITINFO

HEILDARSÝN Á KRÖFUR

Nýtt innheimtakerfi Creditinfo

Nútímalegt og skilvirkt innheimtakerfi fyrir lögmenn sem leysir IL+ af hólmi. Kerfið er auðvelt í notkun og aðgengilegt á vefnum þannig að öll þróun og breytingar skila sér beint til notanda.

HELSTU EIGINLEIKAR:

- Heldur utan um löginneimtu á skilvirkan hátt
- Hægt er að flytja gögn úr eldra innheimtakerfi, IL+
- Býður upp á samþættingu við aðra þjónustu Creditinfo, s.s. vanskilaskrá, eignaleit og hlutafélagaskrá

Kynntu þér innheimtakerfi Creditinfo á [creditinfo.is](https://www.creditinfo.is) og hafðu samband við fyrirtækjaráðgjafa í síma 550 9600 til að fá nánari upplýsingar.



– Styrkir stöðu þína



Útsýni frá hestabúgarði Juha Vayrinen var ekki af verri endanum.

NORRÆNA LÖGFRÆÐINGAMÓTIÐ Í FINNLANDI

Rétt tæplega 40 íslenskir lögfræðingar lögðu land undir fót í lok ágúst og héldu til Helsinki þar sem Norræna lögfræðingamótið var haldið. Þetta var fertugasta og fyrsta mótið en þau eru haldin á þriggja ára fresti, til skiptis í höfuðborgum Norðurlandanna. Sú sem þetta ritar var á leið á sitt þriðja mót og var tilhlökkun mikil, enda hafa þau hingað til verið með eindæmum skemmtileg.

Framkvæmd mótsins minnir nokkuð á Lagadaginn en það stendur þó lengur, eða í hartnær þrjá daga með viðeigandi skemmtidagskrá í bland við hina faglegu dagskrá. Sama dag og lögfræðingar mættu til Helsinki hófst gleðin með móttöku í ráðhúsi borgarinnar og á eftir voru betri lögmannsstofur borgarinnar með opið hús þar sem vel var veitt að venju.

Við tóku tveir dagar af málstofum, stórum sem smáum, um ýmis lögfræðileg málefni. Voru málstofurnar undir fimm meginþemum sem voru nokkurn veginn á þessa leið: Samspil Norðurlanda og Evrópuréttar, viðskiptalögfræði, nútímadómstólar, umhverfismál og raunhæfar spurningar. Í hverri málstofu eru venjulega tveir frummælendur (formælandi og andmælandi) og málstofustjóri sem stýrir umræðum. Þá sitja jafnvel hundruð lögfræðinga málstofurnar en að þessu sinni voru samtals um 800 lögfræðingar mættir til leiks. Úr mörgu var að velja þetta árið sem fyrr. Þónokkrir íslenskir lögfræðingar létu ljós sitt skína; héldu erindi, stýrðu málstofum og stóðu sig að sjálfsgöðu með stakri þrýði.

Að loknum fyrri málstofudegi er hefð fyrir því að lögfræðingar og stofnanir í gestgjafaborginni bjóði þátttakendum í heimboð að kvöldi. Er lögfræðingum skipt upp í smærri hópa sem dreifast um alla borg í kvöldverðarboðum í heimahúsum eða kokkteilboðum hjá ýmsum stofnunum. Undirrituð varð þeirrar ánægju aðnjótandi að fá heimboð til lögmannsins Juha Vayrinen sem býr afskaplega vel á hestabúgarði rétt utan við Helsinki. Hann og kona hans tóku hópnum með kostum og kynjum og mat á við Michelin stað. Kom í ljós að þau hjónin voru miklir Íslandsaðdáendur, höfðu ferðast til Íslands í brúðkaupsferð sinni og voru á búgarðinum 30 íslenskir hestar sem allir bera íslensk nöfn. Var kvöldið afar eftirminnilegt í fallegu umhverfi. Seinna kvöldið var hátíðarkvöldverður með öllum þátttakendum lögfræðingamótsins þar sem finnskir söngvarar stigu á stökk og hljómsveit hélt uppi dansi með tilheyrandi skemmtun.

Norræna lögfræðingamótið verður næst haldið í Reykjavík árið 2020.

[Þyrí Steingrímsdóttir hrl.](#)



Inga Þóll Þórgnýsdóttir hdl., bæjarlögmaður Akureyrar og Hans Gammeltoft-Hansen - fyrrum umboðsmaður Alþingis Dana.



Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.



Nokkrir af íslensku þátttakendum. F.v. Benedikt Bogason hæstréttardómari, Kolbrún Sævarsdóttir héraðsdómari, Þyrí Steingrímsdóttir hrl., Sonja María Hreiðarsdóttir hdl. og Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri Hæstaréttar.



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir aðstoðarmaður félags- og jafnréttismálaráðherra í ræðustól og Mårten Schultz prófessor.

VEGIÐ AÐ RÉTTINUM TIL AÐ VELJA SÉR VERJANDA

ARNAR ÞÓR STEFÁNSSON HRL.



Nýlega féll í Hæstarétti dómur er varðaði rétt sakborninga til að velja sér verjanda (Hrd. 31. ágúst 2017 í máli nr. 539/2017). Reyndi í málinu á ákvæði 4. mgr. 33. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er mælir fyrir um að þann mann megi ekki skipa eða tilnefna verjanda sem kann að verða kvaddur til að gefa skýrslu sem vitni í máli. Hafði sakborningur, sem til rannsóknar var vegna gruns um skattalagabrot, óskað eftir nafngreindum manni sem verjanda en því hafnaði saksóknari þar eð til staði að taka af lögmanninum skýrslu sem vitni við rannsókn máls. Sakborningur skaut því til dómstóla sem tóku undir með saksóknara. Var tekið sérstaklega fram í dómi Hæstaréttar að þau áform að kalla lögmanninn til skýrslugjafar væru ekki „með öllu tilefnislaus“.

Séu atvik þessa máls rýnd sést að brot þau sem sakborningi eru gefin að sök eru sögð hafa verið framin á árunum 2010 til 2015. Þá má jafnframt ráða af atvikum, eins og þeim er lýst og virðast raunar vera óumdeild, að lögmaðurinn veitti sakborningi enga lögfræðiráðgjöf á nefndu árabili og var ekki í neinu sambandi við hann á þeim árum. Hins vegar munu lögmaðurinn og sakborningurinn hafa átt fund með öðrum, sem áttu í einkaréttarlegri deilu við sakborninginn, í apríl 2016 og mun sá fundur hafa verið hljóðritaður að sakborningnum og lögmanninum óafvitandi. Var ætlunin

að spyrja lögmanninn um það sem fram kom á þessum fundi.

Dómur þessi er í takt við fyrri dóma um sams konar sakarefni. Þannig féll dómur í Hæstarétti 25. febrúar 2014 í máli nr. 131/2014 þar sem skipun nafngreinds verjanda var felld úr gildi í óþökk sakborninga þar sem ekki var talið „útilokað að þær aðstæður gætu skapast“ að leiða yrdi verjandann sem vitni fyrir dómi til að spyrja hann um samtal hans við sakborninginn í málinu sem átti sér stað áður en lögmaðurinn var skipaður verjandi mannsins. Síðar kom á daginn að af því varð ekki við aðalmeðferð málsins að lögmaðurinn yrði leiddur sem vitni.

Réttur sakborninga til að velja sér sjálfur verjanda er ríkur og leiðir m.a. af 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu. Fara verður varlega í að takmarka þann rétt og fyrir því þurfa að vera mjög gildar ástæður. Eins og atvik horfa við í framangreindum málum er óhætt að segja að mjög langt sé gengið þar í takmörkun á þessum rétti. Virðist sem ákærvald geti haft það nánast í hendi sér við tilteknar aðstæður að koma í veg fyrir að lögmaður sé tilnefndur eða skipaður verjandi í máli með því einu að lýsa því yfir að til álita komi að hann verði leiddur til skýrslugjafar sem vitni í málinu, að því er virðist án

nægjanlegs tillits til þess hversu fjartengdur framburður lögmannsins er atvikum málsins eða hversu takmarkaða þýðingu framburðurinn geti haft við úrlausn málsins. Í sumum tilvikum fæst ekki séð að framburður lögmannsins geti haft nokkra þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Þá virðist af forsendum dómanna ekki nægjanlegur gaumur gefinn að þeim trúnaðarskyldum sem hvíla á lögönnum sem ekki þarf að fjölyrða við lesendur Lögmannablaðsins um að eru ríkar. Þær trúnaðarskyldur ættu með réttu að leiða til þess að lögmanni yrði ekki gert að vitna gegn skjólstæðingi sínum. Samkvæmt 3. mgr. 119. gr. sakamálagaga kemur slíkt aðeins til álitu að vitnisburðurinn geti „ráðið úrslitum um niðurstöðu málsins“. Ekki fæst séð að slík aðstaða hafi verið

uppi í ofangreindum dómum, auk þess sem færa má fyrir því rök að komi til þess að ákvæðinu yrði beitt, sem mér er ekki kunnugt um að hafa verið gert héraendis, væri farið gegn rétti sakbornings til að fella ekki á sig sök, en sá réttur er sjálfstætt varinn af framangreindu stjórnarskrárákvæði.

Með því verklagi sem viðgengst í þessum málum, og staðfest hefur verið af Hæstarétti, er að mínum dómi gengið of langt í að takmarka rétt sakbornings til að velja sér verjanda.

Höf. er varaformaður LMFÍ

juris


Borgartúni 26
105 Reykjavík
580 4400
www.juris.is



Andri Árnason, hrl.
Edda Andradóttir, hrl., LL.M.
Finnur Magnússon, hrl., LL.M.
Halldór Jónsson, hrl.
Lárus L. Blöndal, hrl.
Sigurbjörn Magnússon, hrl.
Simon David Knight, solicitor
Stefán A. Svansson, hrl., LL.M.
Vífill Harðarson, hrl., LL.M.



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litla prent

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA



Litlaprent ehf., Skemmuvegi 4, 200 Kópavogi,
sími 540 1800, www.litlaprent.is

ÁLYKTUN ANDSTÆÐ LÖGUM

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON HRL.



Í 2. tbl. Lögmannablaðsins 2017 er á bls. 12-14 að finna frásögn af aðalfundi Lögmannafélagsins 24. maí s.l. Greinin gefur tilefni til að rifja upp nokkur atriði sem snerta sögu félagsins og þróun á undanförunum áratugum. Ég tek fram að ég átti sæti í stjórn félagsins árin 1981 til 1986, þar af sem formaður þrjú síðustu árin.

Frelsi til að standa utan félaga

Á árinu 1993 hafði gengið dómur við Mannréttindadómstól Evrópu í máli Sigurðar Sigurjónssonar gegn Íslandi. Þar var viðurkennt var að í félagafrelsi MSE fælist réttur til að hafna aðild að félögum.

Í þessu máli hafði meðal annars verið á því byggt að óhjákvæmilegur hluti frelsis til að mega mynda félög með öðrum væri frelsi til að synja aðildar að slíkum félögum. Það væri líklega, ef eitthvað er, þungbærara að vera þvingaður til aðildar að félagi sem maður vill ekki eiga aðild að, heldur en að vera meinað að mynda félag sem maður vill mynda. Í „skyldufélögum“ stendur svo á að félagsmenn geta ekki sagt sig úr félögunum ef þeim mislíkar athafnasemi þeirra. Þetta eru því í reynd tvær hliðar á sama peningi.

Í framhaldi dómsins urðu umræður hér á landi um þýðingu hans fyrir ýmis félög sem starfa hérlendis. Ég skrifaði um

þetta grein sem birtist í afmælisriti Gauks Jörundssonar sextugs, 24. september 1994 (bls. 383-396). Í greininni var farið yfir úrlausnir MDE á þessu sviði og meðal annars litið sérstaklega á stöðu LMFÍ í þessu tilliti. Þar segir meðal annars svo (bls. 393-394):

„Varla er á því nokkur vafi, að skylda lögmannna á Íslandi til aðildar að Lögmannafélagi Íslands, með þeim hætti sem löggin um málflytjendur ákveða, stenst ákvæði 11. gr. MSE, eins og ákvæðið hefur verið skýrt af stofnunum sáttmálans [...], enda voru félaginu um leið ákveðin verkefni á sviði opinberrar stjórnsýslu með svipuðum hætti og í sumum þeirra kærumála ytra, sem nefnd voru. Skiptir í því efni engu máli, þó að félagið hafi upphaflega verið stofnað sem frjálst félag málflytjendanna. Hitt er sjálfsgagt einnig ljóst, að við „lögfestingu“ félagsins hafa heimildir meirihluta félagsmanna til athafnasemi á vegum þess þrengst. [...] Á umliðnum árum hefur Lögmannafélagið látið til sín taka

málefni, sem vafalaust falla utan þess lögmæltu stjórnsýsluhlutverks, sem félagið hefur með höndum. Þannig hefur félagið til dæmis lagt fé í byggingu og rekstur sumarhúsa fyrir félagsmenn, stofnsett og rekið bókasafn, staðið að og styrkt bókaútgáfu á sviði lögfræði, stofnað ábyrgðarsjóð, þar sem félagsmenn eru með fjárframlögum gerðir fjárhagslega ábyrgir fyrir fjárrætti annarra félagsmanna, gerst aðili að frjálsum félagasamtökum og jafnvel sent frá sér ályktanir um málefni, sem stjórn málaágreiningur er um, eins og til dæmis breytingar á reglum um skattheimtu á lögmánsstarfsemi. Er vandséð hvernig unnt er að skylda félagsmenn til að eiga aðild að starfsemi félagsins á þessum sviðum, sem óhjákvæmilega felur að minnsta kosti í sér umtalsverð útgjöld, sem félagsmönnum er þá gert að standa undir, svo ekki sé talað um aðild að ályktunum um málefni sem stjórn málaágreiningur er um. Við hugsanlegar breytingar á lögum um málflytjendur þyrfti að huga að þessu og tryggja, að félagsmenn verði ekki skyldaðir til þátttöku í annarri og meiri starfsemi félagsins en leiðir af stjórnsýsluhlutverki þess. Væri til dæmis unnt að tryggja þetta með því að skipta félaginu í tvær deildir, eina sem sinnir hinu lögbundna hlutverki og lögmönnum er skylt að taka þátt í og aðra með frjálsri þátttöku lögmanna. Það er ekki nóg fyrir okkur Íslendinga að lögfesta ákvæði MSE eins og gert hefur verið. Það er einnig afar þýðingarmikið að við leggjum okkur fram um að haga löggjöf í landinu þannig, að örugglega sé í samræmi við ákvæði sáttmálans, eins og þau eru og munu að líkindum verða túlkuð af stofnunum hans í framtíðinni. Að öðrum kosti megum við búast við, að framhald verði á þeirri óskemmtilegu reynslu, sem við að undanförunu höfum fengið þar ytra í úrlausnum um frammistöðu okkar í mannréttindamálum.“

Í stuttu máli sagt fólu þessar hugleiðingar í sér að ekki væri það andstætt stjórnarskrárvernduðu félagafrelsi að skylda hóp manna til aðildar að félagi sem annaðist stjórnsýsluhlutverk í málefnum sem þá vörðuðu sérstaklega. Starfsemi slíks félags yrði samt að vera bundið við að sinna slíku hlutverki. Það mætti ekki, meðan félagsskyldan hélst, hafa með höndum önnur verkefni sem félagsmönnum væri ekki skylt að eiga aðild að. Allra síst mætti það taka þátt í baráttumálum á vettvangi þjóðmálanna sem ágreiningur væri um meðal manna, til dæmis á vettvangi stjórn mála. Þetta leiðir einfaldlega af félagsskyldunni, það er að þeir sem eru öndverðrar skoðunar við félagið geta ekki neytt þess úrræðis, sem menn geta neytt í frjálsum félögum, að segja sig úr félaginu.

Breytingar á stjórnarskrá 1995 og Mannréttindaskrifstofan

Á árinu 1995 var kafla íslensku stjórnarskrárinnar um mannréttindi breytt. Frumvarpið að þeim breytingum hafði auðvitað komið til umræðna í þjóðfélaginu. Um það höfðu þá orðið deilur. Snerust þær meðal annars um svonefnd „félagsleg“ réttindi, hvort og þá að hve miklu leyti ætti að taka slík réttindi í stjórnarskrána. Eins og lögfræðingar vita er greinarmunur gerður á frelsisréttindum annars vegar og félagslegum réttindum hins vegar. Hin fyrrnefndu eru vernduð í MSE og ganga út á að varðveita frelsi borgara gegn afskiptum, meðal annars handhafa ríkisvalds. Dæmi um þau eru tjáningarfrelsi, félagafrelsi, bann við ómannúðlegri meðferð manna, jafnrétti fyrir lögum og um réttláta málsmeðferð fyrir dómi svo dæmi séu nefnd. Hin svonefndu félagslegu réttindi eru annars eðlis. Þau krefjast fjárframlaga frá sumum borgurum í þágu annarra, sem skortir fé til að geta notið æskilegra lífsgæða. Þessi réttindi eru mun erfiðari í meðförum en frelsisréttindin og erfitt að setja reglur í stjórnarskrá sem kveða á um mörk þeirra og skil. Þau eru ekki vernduð í MDE. Um þau er líka pólitískur ágreiningur. Lýtur hann bæði að því hvort yfirleitt eigi að vernda þau í stjórnarskrá og svo einnig hversu langt eigi að ganga í þeirri vernd. Telja þá sumir eðlilegra að löggjafinn ákveði hverju sinni hvort og að hve miklu leyti þjóðfélagið sinni vernd þessara réttinda.

Á árinu 1994 voru stofnuð samtök sem nefndu sig Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þau gáfu sig út fyrir að vera baráttusamtök um mannréttindi og hefur tilefnið sjálfsagt verið breytingarnar sem stóðu þá yfir á mannréttindakafla stjórnarskrár okkar. Stjórn LMFÍ, sem sat á þessum tíma, vildi taka þátt í þessari baráttu og varð LMFÍ einn af stofnaðilum Mannréttindaskrifstofunnar. Jafnframt tók félagið í eigin nafni þátt í baráttunni við hlið hennar.

Hafa verður í huga að hér var um að ræða baráttu í þjóðfélagsmálum sem verulegur ágreiningur var um í landinu. Mannréttindaskrifstofan vildi ganga sýnu lengra í að kveða á um hin félagslegu réttindi í stjórnarskrá en gert var í frumvarpinu, sem til meðferðar var á Alþingi. Um þetta var meðal annars deilt. Meðal þess sem samtökin nefndu í baráttu sinni var að jafnrétti skyldi ekki vera bundið við jafnrétti fyrir lögum, heldur ætti einnig í stjórnarskrá að vernda eitthvað sem kallað var efnahagslegt jafnrétti. Hér virtist vera á ferðinni tillaga um að festa sósíalísk viðhorf í stjórnarskrá! Síðan lögðust samtökin, og þar með LMFÍ, gegn því að kveðið yrði á í stjórnarskrá um vernd réttarins til að synja aðildar að félögum, en í frumvarpinu var lagt til að kveðið yrði skýrt á um þann rétt.

Ályktun á aðalfundi 1995

Þegar leið að aðalfundi LMFÍ vorið 1995 tóku átta lögmennt sig saman um að flytja þar tillögu um að félagið skyldi hætta aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands og jafnframt skyldi stjórnin gæta þess framvegis að ekki yrðu gefnar út pólitískar ályktanir í nafni þess. Flutningsmenn tillögunnar voru allir þálfandi fyrirverandi formenn LMFÍ, þeir Gestur Jónsson, Guðmundur Ingi Sigurðsson, Hákon Árnason, Helgi V. Jónsson, Jóhann H. Níelsson, Jón Steinar Gunnlaugsson, Sveinn Snorrason og Þorsteinn Júlíusson.

Í tillögunni sagði svo: „...það samrýmist ekki eðli og tilgangi Lögmannafélagsins samkvæmt samþykktum þess og ákvæðum laga um málflytjendur, sem kveða á um skyldu aðild lögmannna að félaginu, að félagið eigi aðild að eða taki þátt í starfsemi félagasamtaka um þjóðfélagsmál, né heldur að gefnar séu út álitsgerðir, umsagnir eða ályktanir, þar sem pólitísk afstaða er tekin í nafni félagsins í umdeildum þjóðfélagsmálum. Fyrir því ályktar fundurinn, að hætta beri aðild félagsins að Mannréttindaskrifstofunni og stjórn félagsins gæti þess framvegis að ekki séu gefnar út pólitískar ályktanir í nafni þess.“

Flestum þótti tillagan sjálfsgöð enda snerist hún ekki um pólitískar skoðanir manna heldur fólst í henni bann við því að Lögmannafélagið yrði misnotað í pólitískri baráttu og þá auðvitað hver sem hún væri að efni til. Hið eina sem fram kom við umræðurnar og gat hugsanlega skipt máli fyrir afgreiðslu tillögunnar var hugleiðing frá Haraldi heitnum Blöndal hrl. um hvort öruggt væri að allir flutningsmennirnir væru núlifandi. Féllust fundarmenn á að áhöld gætu verið um þetta. Tillagan var allt að einu samþykkt með nokkrum mun.

Ákvæði í lögum um lögmennt nr. 97/1998

Með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 varð ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár svohljóðandi: „Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“

Síðan voru sett ný lög um lögmennt nr. 77/1998. Þar er í 1. mgr. 3. gr. kveðið á um að lögmennt skuli hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Sé þeim öllum skylt að vera þar félagsmennt. Í 2. mgr. er svo m.a. kveðið á um að félagið skuli ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega sé mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr. Þar er kveðið svo á að félaginu sé heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greini sérstaka félagsdeild, eina

eða fleiri, sem lögmenntum sé frjálst að ákveða hvort þeir eigi aðild að.

Þessi lagaákvæði hafa staðið óbreytt síðan enda er varla nokkur maður ósáttur við þau, eða hvað?

Sögulegt uppgjör?

Í fyrirsögn fyrir frásögn Lögmannablaðsins af aðalfundinum 24. maí s.l. er sagt að þar hafi farið fram „sögulegt uppgjör“. Greint er frá tillögu tveggja félagsmanna um að fella úr gildi ályktunina frá 1995 „þess efnis m.a. að það samrýmist ekki tilgangi félagsins að gefnar séu út álitsgerðir um umsagnir eða ályktanir þar sem pólitísk afstaða er tekin í nafni félagsins í umdeildum þjóðfélagsmálum.“ Um þessa tillögu varð samkvæmt frásögninni orðaskak á fundinum, án þess að séð yrði að fyrrgreind ákvæði laganna um lögmennt hafi verið nefnd, hvað þá að farið hafi verið yfir tilefni tillögunnar 1995. Síðan var „með lófaklappi“ samþykkt svofelld tillaga: „Aðalfundur Lögmannafélags Íslands, haldinn hinn 24. maí 2017, ályktar að það sé og verði ávallt hlutverk Lögmannafélags Íslands að taka afstöðu til pólitískra ákvarðana stjórnvalda á hverjum tíma ef þau varða mannréttindi þegnanna.“ Fyrirverandi formaður félagsins, sem staðið hafði að þátttökunni í Mannréttindaskrifstofunni á sínum tíma og orðið undir á aðalfundinum 1995, hafði samkvæmt frásögn Lögmannablaðsins þetta að segja í lokin: „Sögulegu markmiði náð“.

Þessi ályktun aðalfundarins verður ekki skilin á annan veg en þann að átt sé við Lögmannafélagið sem slíkt en ekki félagsdeild þess. Ályktunin brýtur því í bága við lögmannalögin. Það er eins og enginn á fundinum hafi áttað sig á því, hvorki stjórnin, fundarstjórinn né almennir félagsmennt. Það er út af fyrir sig aukaatriði í því sem hér er rætt, að hugtakið mannréttindi í tillögutextanum er í sjálfu sér ómarkvisst vegna þess að margir vilja teygja það hugtak út yfir alls konar réttindi sem ekki njóta stjórnskipulegrar verndar í landi okkar. En jafnvel þó að ályktunin yrði aðeins talin eiga við þau réttindi, sem sérstaklega eru varin í stjórnarskránni, verður að telja ályktunina andstæða lögunum vegna þess að efni hennar varðar ekki að neinu leyti þá starfsemi, sem lögin kveða á um að félagið hafi með höndum.



Varðveislu persónuupplýsinga lýkur með eyðingu þeirra



Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi



Örugg eyðing gagna

Bæjarflöt 4
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

HÆFI DÓMARA

Á Lagadeginum 2017 flutti Óttar Pálsson hrl. erindi um hæfi dómara. Lögmannablaðið fór þess á leit við Óttar að birta erindið enda kom hann inn á afar áhugaverða umræðu; um mikilvægi hagsmunaskráningar, eignarhald í félögum eða fyrirtækjum sem og aukastörf dómara. Erindið er hér birt örlítið stytta ásamt tveimur atriðum sem komu fram í umræðum að loknu erindi.

Eignarhald í félögum og aukastörf

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi, sbr. 26. gr. dómstólalaga. Nánari útfærsla er á ábyrgð nefndar um dómaraastörf en í dag gilda um það reglur nr. 463 frá árinu 2000.

Reglurnar reisa ákveðnar skorður við því að dómara taki að sér aukastörf án þess að leita hverju sinni fyrirfram samþykkis nefndarinnar.

Hvað eignarhluti í félögum og atvinnufyrirtækjum áhrærir gildir sú regla að dómara er skylt að tilkynna nefnd um dómaraastörf um eignarhlut sinn í félagi sem hefur skráð gengi í verðbréfavíðskiptum, sé hann að verðmæti allt að þrjár milljónir króna. Sama á við um önnur félög, sem dómari á allt að 5% hlut í.


Sé eignarhlutur dómara umfram þessi mörk skal hann leita heimildar nefndarinnar, sem eftir atvikum getur synjað slíkri beiðni með rökstuddri ákvörðun.

Ný lög um dómstóla

Með nýjum lögum um dómstóla verður sú breyting á að meginreglan verður sú að dómara sé óheimilt að taka að sér önnur störf en embættisstörf sín eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki nema það sé sérstaklega heimilað. Reglan verður með öðrum orðum sú að aukastörf og eignarhald sem ekki er beinlínis heimilað verður bannað.

Óljóst er um breytingar sem af þessu leiða. Það ræðst allt af þeim heimildaramma sem markaður verður í reglum sem ráðgert er að settar verði á grundvelli nýju laganna.

Leiða má líkum að því að heimildir dómara til aukastarfa verði verulega þrengdar en samkvæmt athugasemdum greinargerðar með lagabreytingunni er ekki ráðgert að reglur heimili dómurum að taka að sér stjórnarsýslustörf á þágu framkvæmdar- eða löggjafarvalds, svo sem setu í úrskurðarnefndum, stjórnnum opinberra stofnana eða fastanefndum sem annast undirbúning lagabreytinga. Sú breyting verður einnig gerð að upplýsingar um aukastörf dómara verða birtar opinberlega en telja verður að af því leiði umtalsvert aðhald.



Lögmannafélag Íslands



Erfiðara er að sjá fyrir á þessu stigi hvort veruleg breyting verði á heimildum til eignarhalds á hlutum í félögum og atvinnufyrirtækjum en þær eru að gildandi reglum að verulegu marki háðar samþykki líkt og áður var nefnt.

Hagmunaskráning

Nokkur lausung hefur verið á framkvæmd reglna um hagsmunaskráningu. Bæði er það svo að verulegur misbrestur hefur verið á að dómara hafi tilkynnt um hagsmuni sína, og þá eftir atvikum fengið heimild eða synjun nefndarinnar á eignarhaldinu, auk þess sem vísbendingar eru um að ut anumhald stjórnslunefndar um dómara störf hafi verið ábótavant, að minnsta kosti á tímabili.

Ætla verður að umræða sú sem átti sér stað seint á síðasta ári um hagsmunatengsl, einkum hlutabréfaeign hæstaréttardómara, hafi gert það að verkum að nokkur bragarbót hafi orðið á framkvæmdinni. Og ég veit til þess að lögmenn hafi nú fengið greinargóð svör frá nefnd um dómara störf við fyrirspurnum um hagsmunatengsl dómara. Í einhverjum tilvikum má hins vegar af svörunum ráða að upplýsingar grundvallist á síðbúnum tilkynningum, jafnvel tilkynningum um eignarhald á ákveðnum tímabilum sem ekki sé lengur til staðar.

Hér verður einnig að geta þess að Hæstiréttur hefur sjálfur að eigin frumkvæði og í samræmi við tilkynningu sem birtist á heimasíðu réttarins í desember 2016, birt upplýsingar um hagsmunatengsl hæstaréttardómara sem miðast við tímabilið eftir 1. janúar þessa árs. Er þar gengið lengra en reglur gera ráð fyrir. Jafnframt hefur rétturinn lýst því yfir að hann muni verða við óskum málsaðila um sambærilegar upplýsingar um hagsmunatengsl dómara miðað við fyrra tímamark. Þessu frumkvæði Hæstaréttar ber að fagna.

Nokkur álitafni

Þetta eru allt skýrar vísbendingar um gagnleg viðbrögð við þeirri alvarlegu gagnrýni sem dómstólarnir urðu fyrir á síðasta ári í kjölfar þess að hlutabréfaeign einstakra dómara við Hæstarétt komst í há mæli. En eftir standa engu að síður nokkrar spurningar sem æskilegt væri að svara og álitafni sem óhjákvæmilegt er að leysa úr.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að spyrja hvort fyrirkomulag á heimildum og hagsmunaskráningu dómara og eftirlit með því að skráningu sé sinnt, sé fullnægjandi. Ljóst er að jafnvel þótt gildandi reglum væri fylgt til hins ýtrasta eru þær fjarri því að fanga allar aðstæður sem hlutrænt séð

vekja spurningar um hæfi. Það á einnig við þótt tekið yrði mið af þeim breytingum á dómstóla lögum sem yfirvofandi eru. Ég nefni sem dæmi upplýsingar um skuldir dómara; eða eignarhald á fjármálagerningum sem falla utan þeirrar skilgreiningar sem notast er við í gildandi reglum og virðist áfram ráðgert að leggja til grundvallar. Hér mætti einnig nefna upplýsingar um hagsmunatengsl þeirra sem nákomnir eru dómurum, þótt kröfur um tilkynningu slíkra hagsmuna veki óhjákvæmilega enn aðrar og áleitnar spurningar um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Í öðru lagi velti ég fyrir mér þýðingu hinna efnislegu fjárhæðarviðmiða við mat á sérstöku hæfi dómara í einstökum tilvikum. Ég hef orðið þess var í umræðunni að sumir vilji gera lítið úr hagsmunum sem jafnvel eru umfram þau mörk sem reglur um hagsmunaskráningu gera beinlínis kröfu um að hljóti samþykki nefndarinnar. Eða að þessi viðmið skipti engu máli við hæfismatið enda ráðist það af atvikum og aðstæðum hverju sinni. Út af fyrir sig er það rétt að matið sé atviksbundið; en ég get ómögulega fallist á að hin hlutrænu viðmið sem reglurnar hafa að geyma séu án þýðingar. Sú staðreynd að stjórnvald sem fer með opinbert reglusetningarvald á grundvelli laga hefur gert áskilnað um sérstakt samþykki fyrir eignarhaldi hlutabréfa umfram ákveðin fjárhæðarmörk hlýtur að koma til álita, og jafnvel vega þungt, þegar lagt er mat á hvort hagsmunir séu hlutrænt séð til þess fallnir að kasta rýrð á hlutleysi dómara.

Í þriðja lagi kunna sérstök álitafni að koma upp við mat á hæfi þegar fyrir liggur að dómari hafi vanrækt að sinna þeirri tilkynningarskyldu sem á honum eða henni hvílir samkvæmt reglunum. Af hverju segi ég þetta? Jú, vegna þess að hæfisreglur snúast að verulegu leyti um traust. Hafi dómari vanrækt að sinna tilkynningarskyldu og eftir atvikum að afla heimildar nefndarinnar fyrir aukastörfum eða eignarhaldi á hlutabréfum, kann aðstaðan að verða tortryggileg þegar af þeirri ástæðu. Málsaðilar geta með réttu spurt sig hvort dómari hafi eitthvað að fela. Af hverju var tilkynningarskyldan ekki virt? Er dómariinn í raun óvilhallur?

Álitafni tengd tveimur síðastnefndu atriðunum, þ.e. þýðing hinna efnislegu fjárhæðarviðmiða sem notast er við í gildandi reglum um hagsmunaskráningu, og vanrækt upplýsingaskylda, eru einkar áleitni í málum sem sprottið hafa úr jarðvegi þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust á fjármálamarkaði í aðdraganda og í kjölfar efnahagsbrunsins. Fréttir hafa verið fluttar af því að einhverjir dómara við

Hæstarétt hafi átt hlutabréf í bönkunum sem töpuðust endanlega við fall þeirra, en samt tekið sæti í dómum þar sem sakarefni vörðuðu ráðstafanir stjórnenda bankanna í aðdraganda hrunsins. Ef satt reynist, þá hlýtur það að orka tvímælis.

Þótt dómari kunni að vera óvilhallur í raun er það ekki nóg; aðstaðan þarf einnig að hafa það yfirbragð að dómari sé óvilhallur. Réttlætið þarf að vera sýnilegt. Og við mat á því hvort brotið hafi verið gegn réttarreglum um sérstakt hæfi og kröfum sem gerðar eru um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, er óhjákvæmilegt að virða þá hagsmuni sem um er að tefla hverju sinni að teknu tilliti til þeirra hlutrænu fjárhagsviðmiða sem sett eru fram í reglum um hagsmunaskráningu dómara; og jafnframt að horfa til þess hvort viðkomandi hafi reglum samkvæmt tilkynnt um hagsmunina og eftir atvikum fengið samþykki fyrir þeim.

Ef dómari við Hæstarétt er vanhæfur

Telji málsaðilar að vanhæfur dómari hafi tekið þátt í meðferð máls fyrir Hæstarétti sýnist mér tvíþætt úrræði koma til álitu, endurupptaka og kæra til Mannréttindadómstólsins í Strassborg.

Í réttarfarslöggjöfinni er mælt fyrir um heimild til endurupptöku mála meðal annars á þeim grundvelli að verulegir gallar hafi verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Þótt ekki sé augljóst af orðalaginu að þetta ákvæði heimili endurupptöku sökum vanhæfis dómara nema þá að beinlínis sé sýnt fram á, eða nægilega leiddar að því líkur, að vanhæfið hafi í raun haft áhrif á niðurstöðu málsins – sem eðli málsins samkvæmt yrði ávallt erfitt að sanna – er út frá því gengið í lögskýringargögnum að undir skilyrðið gæti meðal annars átt tilvik „þar sem leiddir væru í ljós annmarkar á hæfi dómars, sem með málið fór, og ekki hafi áður verið um þá kunnugt.“

Hæstiréttur hefur að minnsta kosti í tvígang í tíð eldri laga, ómerkt eigin málsmeðferð og dómsniðurstöður í málum þar sem dómur höfðu verið kveðnir upp er í ljós kom að

einn dómenda skorti sérstakt hæfi. Þetta má ráða af dómum réttarins 7. júní 2007 í máli nr. 400/2006 og 10. nóvember 2011 í máli nr. 291/2010. Ákvarðanirnar um endurupptöku eru ekki birtar en í báðum tilvikum munu atvik hafa verið á þá leið að einn dómari af þremur hafði haft afskipti af málunum fyrir skipun hans í embætti, þá sem lögmaður. Var það talið valda vanhæfi. Dómarnir voru ómerktir og málin flutt að nýju í Hæstarétti fyrir öðrum dómurum en þeim sem setið höfðu fyrra sinnið.

Áhugavert verður að sjá niðurstöðu í „hrunamálunum“ verði látið á þau reyna. Þar sýnist mér þó verða að hafa í huga að innan Hæstaréttar kunni að hafi legið fyrir upplýsingar um hlutabréfaeign dómara. Með mönnum dóms í einstökum málum megi þannig halda því fram að rétturinn hafi í raun þegar tekið afstöðu til hæfis dómenda. Að öðru óbreyttu er ekki augljóst að slík afstaða sæti endurskoðun í endurupptökumáli.

Endurupptaka mála

Ég hef hér viljandi vikið hjá því að fjalla um stjórnslu endurupptökumála. Enda tel ég ótvírætt eftir dóm Hæstaréttar 25. febrúar 2016 í máli nr. 628/2015 að Hæstiréttur sjálfur fari með endanlegt úrlausnarvald um hvort mál skuli endurupptekin eða ekki. Ég tek hins vegar fram að innan dómsmálaráðuneytis liggja nú fyrir drög að frumvarpi til laga sem gera ráð fyrir verulegum breytingum á skipan endurupptöku dómsmála. Frumvarpsdrögin eru til umsagnar hjá ráðuneytinu en í þeim er kveðið á um að endurupptökunefnd verði lögð niður og settur verði á fót sérdómstóll, Endurupptökudómur, sem hafi það hlutverk að skera úr um hvort dæmd mál skuli endurupptekin. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á skilyrðum endurupptöku í sakamálum en heimildir til endurupptöku einkamála eru gerðar raunhæfari frá því sem verið hefur með því að þau eru færð nær þeim sem gilda um endurupptöku sakamála.

Tvær spurningar

Í umræðum að loknum framsögum á lagadaginn var tveimur spurningum beint til mín. Ég var beðinn um að

 Lina síf.

Alhliða þýðingarpjónusta

Hjördís Isabella Kvaran

lögiltur skjalapýðandi

lina@centrum.is

svara því annars vegar hvaða tengsl möguleg hlutabréfaeign hæstaréttardómara og eftir atvikum tjón þeirra hefði við sakarefni þeirra mála sem um væri að tefla, og hins vegar hvort hagsmunir dómara væru ekki almennir frekar en sérstakir í þessu sambandi. Flestir hefðu jú orðið fyrir tjóni í „hruninu“.

Fyrri spurningunni svaraði ég efnislega á þá leið að svör við álitafnum um sérstakt hæfi dómara réðust af atvikum og aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Erfitt væri hins vegar að sjá að engin tengsl væru milli tjóns hluthafa bankanna og þeirra ráðstafana sem stjórnendur þeirra hafi sætt ákærum fyrir. Í flestum ef ekki öllum tilvikum hefur ákærvaldið haldið því fram að ráðstafanir hafi valdið viðkomandi fyrirtæki, og þar með kröfuhöfum og hluthöfum, tjóni. Þá væri til þess að líta að ekki sé endilega nauðsynlegt að hlutabréfaeign eða tjón sem varð við fall bankanna hefði bein tengsl við þau sakarefni sem væru til umfjöllunar hverju sinni. Vart yrði framhjá því horft að (meintri) gálausri og jafnvel refsiverðri hegðun stjórnenda bankanna væri almennt kennt um fall þeirra. Þar með væri ekki fjarlægt að ætla að dómara sem þola hafi mátt tjón vegna hlutabréfaeignar gætu haft tilhneigingu til að kenna stjórnendum bankanna um fjárhagslegt tap sitt. Við þær aðstæður væri ekki æskilegt að þeir tækju þátt í málsmeðferð yfir þessum sömu einstaklingum.

Síðari spurningunni svaraði ég efnislega þannig að þótt rétt kynni að vera að „hrunið“ hefði haft fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir þorra almennings í landinu, væri óhjákvæmilegt að líta til þess að fjölmargar og mismunandi ástæður lægju þar að baki. Tjón sem hlotist hefði af því að verðmæti hlutabréfa í tilteknum banka hafi orðið að engu yrði ekki fellt í þann flokk. Erfitt væri að halda því fram að slíkt tjón sé almennt, fremur en sérstakt.



Mörkin lögmannsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.
Gunnar Jónsson hrl.
Hörður Felix Harðarson hrl.
Einar Þór Sverrisson hrl.
Gísli Guðni Hall hrl.
Geir Gestsson hrl.
Almar Þór Möller hdl.
Hilmar Gunnarsson hdl.
Ragnar Halldór Hall hrl.

Fulltrúar:

Árni Gestsson hdl.
Hildur Leifsdóttir hdl.
Linda Ramdani lögfr.
Védís Eva Guðmundsdóttir hdl.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

www.law.is



ÞEKKING REYNSLA FAGMENNSKA

LOGOS sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmannsþjónusta á Íslandi sem á sér lengsta sögu, eða allt aftur til ársins 1907.

LOGOS

REYKJAVÍK • LONDON

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

María Thejll hrl.

Ríkislögmaður, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík, Sími: 545-8490

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Jóna Margrét Harðardóttir hdl.

Lög og innheimta, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 416-4000

Gunnar Atli Gunnarsson hdl.

Landslög lögræðistofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2900

Inga Kristín Kjartansdóttir hdl.

Griðtagata ehf., Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 577-3311

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

NÝR VINNUSTADUR

Ingólfur Kristinn Magnússon hdl.

Lög og innheimta, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 416-4000

Puríður B Sigurjónsdóttir hdl.

Lögmenn Hafnarfirði, Strandgötu 25, 220 Hafnarfirði, Sími: 565-5155

Jón Ingi Þorvaldsson hdl.

Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Sími: 569-6900

Hildur Þórarinsdóttir hdl.

Persónuvernd, Rauðarárstíg 10, 101 Reykjavík, Sími: 510-9600

Erlendur Kristjánsson hdl.

Heimavellir hf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík, Sími: 517-3440

Sunna Axelsdóttir hdl.

Ás lögmennsstofa, Skipagötu 9, 3. hæð, 600 Akureyri, Sími: 649-5565

Magnús Jónsson hdl.

Sókn og Vörn: Málflutningsstofa, Skeifunni 17, 108 Reykjavík, Sími: 862-8618

Bjarni Hólmar Einarsson hdl.

Lausnir lögmennsstofa, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík, Sími: 578-7804

Karl Óli Lúðvíksson hdl.

Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, Sími: 580-3453

Anton Björn Markússon hrl.

Altus lögmenn, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, Sími: 571-4500

Jón Ögmundsson hrl.

Altus lögmenn, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, Sími: 571-4500

Heiðmar Guðmundsson hdl.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, Sími: 591-0300

Einar Oddur Sigurðsson hdl.

Fossbrot lögmennsstofa, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, Sími: 858-2588

Birgir Birgisson hdl.

Lögmennsstofa Birgis ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

Baldur Dýrfjörð hdl.

Samorka samtök orku- og veitufyrirtækja, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, Sími: 588-4430

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir hdl.

Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 540-5502

Katrín Theodórsdóttir hdl.

VÍK lögmennsstofa, Laugavegi 77, 4. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 515-0200

Einar Hugi Bjarnason hrl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 515-7400

NÝTT AÐSETUR

Þórdís Bjarnadóttir hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Davíð Örn Sveinbjörnsson hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Dóra Sif Tynes hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Guðmundur Siemsen hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Hrafnhildur Kristinsdóttir hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Jóhanna Katrín Magnúsdóttir hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Kristinn Hallgrímsson hrl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Margeir Valur Sigurðsson hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Snorri Stefánsson hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Stefán Þór Ingimarsson hdl.

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Christiane Leonor Bahner hdl.

Lögmennsstofa Christiane L. Bahner, hdl., Vestri-Garðsauka, 860 Hvolsvelli, Sími: 487-5566

Oddur Þórir Þórarinsson hdl.

Medical law ehf., Laugarnesvegi 62, 105 Reykjavík, Sími: 865-3559

Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

Lögvík ehf., Reykjavíkurvegi 62, 220 Hafnarfirði, Sími: 554-2808



40
BEN LEIÐ 140 AR

1975 | Bílabúð Benna | 2015



e-hybrid

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.

Ríkulegur búnaður í Platinum Edition: Leður og Alcantara innrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 20" RS Spider Platinum álfelgur, rafrdrifin GTS sportsæti, stillanlegur forhitari, Bi-Xenon framljós með beygju, BOSE® 665 watta hljóðkerfi, stillanleg fjöðrun (PASM), hiti í framsætum, 8 gira sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, Privacy glass (litað gler), tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafrdrifinn afturnleri, samlitir brettakantar, svartir háglans gluggalistar, skriðstillir (Cruise Control), upplýstir silsalistar, Porsche merki grept í höfuðpúða, sjálfvirk birtustillingspegla, felgumiður með Porsche logo í lit, PCM, Porsche Connect Plus, o.m.fl.

Rafmögnuð snilld.

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl | 590Nm tog



PORSCHE

Bílabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

Opnunartími:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00